

11. marz **28** um bæjarins og störfum þeirra. Bæjarstjóri skal sjá um að árlega sé samin tæm-
andi skrá yfir lausar eignir bæjarins, svo sem verkfæri, vélar, áhöld, efni og annað
þess konar, er beri með sér hvað keypt hafi verið á árinu, hvað notað og hvað farið
förgörðum.

20. gr.

Bæjargjaldkeri er jafnframt skrifstofustjóri á bæjarskrifstofunum og annast
daglega afgreiðslu fyrir hönd bæjarstjóra, eftir því sem það er honum falið. Bæjar-
gjaldkeri hefur einnig umsjón með innheimtu bæjartekna, nema það sé öðrum
sérstaklega falið.

Ef bærinn hefur lögfræðing í þjónustu sinni, skal hann flytja mál bæjarins
fyrir undirrétti, nema öðruvísi sé ákveðið.

21. gr.

Ársreikningar bæjarsjóðs og hafnarsjóðs skulu samdir fyrir málok. Skulu
endurskoðendur bæjarins síðan innan 4 vikna hafa lokið endurskoðun sinni á reikn-
ingunum.

Bæjarráð og hafnarnefnd gerir svo með ráði endurskoðenda tillögur um reikn-
ingana fyrir lok ágúst mánaðar og skulu þeir síðan lagðir til úrskurðar fyrir bæjar-
stjórn. Reikningana skal síðar prenta.

22. gr.

Um skipun niðurjöfnunarnefndar, álagning bæjargjalda, gjalddaga og ábyrgð á
greiðslu þeirra fer að lögum.

Ef bæjargjöld eru ekki greidd á gjalddaga, ber að innheimta þau svo fljótt sem
kostur er, og með lögtaki, ef á þarf að halda.

23. gr.

Með samþykkt þessari er úr gildi numin samþykkt um stjórn bæjarmálefna í
Vestmannaeyjum, nr. 112/1930.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Vestmannaeyjakaupstaðar hefur samið og sam-
þykkt, er hér með staðfest til þess að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytið, 11. marz 1954.

Steingrímur Steinþórsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.

17. marz **29** Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Afmælistjóð Jóns Jónassonar, bónda,
Ytra-Lóni“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 17. marz
1954.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Afmælistjóð Jóns Jónassonar, bónda, Ytra-Lóni.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Afmælistjóður Jóns Jónassonar, bónda, Ytra-Lóni.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður í tilefni af sjötugsafmæli Jóns Jónassonar, 18. des. 1948,
með framlagi afmælistigsta, að upphæð kr. 2980.00.

3. gr.

29

Tilgangur sjóðsins er að styrkja efnalítla menn, sem hefja búskap í Sauðanes- og Þórshafnarhreppi. 17. marz

4. gr.

Sjóðurinn skal ávaxtast hjá Sparisjóði Þórshafnar og nágrennis eða annarri tryggri peningastofnun, þar til höfuðstóllinn er orðinn kr. 10 000.00, og þá upphæð má ekki skerða.

5. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

a. Vextir.

b. Minningargjafir og aðrar gjafir, sem sjóðnum kunna að berast.

6. gr.

Stjórn sjóðsins sé skipuð þrem mönnum: Einum tilnefndum af hreppsnefnd Sauðaneshrepps, og sé hann formaður, kjörtímabil hans sé sama og hreppsnefndar, sóknarprestinum í Sauðanesi og Jóni Jónassyni meðan hans nýtur við, en eftir hans dag maður kosinn af stjórn búnaðarfélagssins í Sauðaneshreppi til 4 ára í senn.

7. gr.

Stjórn sjóðsins ber að halda gerðabók. Í gerðabókina skal færa allar fundargerðir stjórnarinnar, umsóknir um styrk úr sjóðnum, og yfirleitt allt sem varðar hag hans og rekstur. Enn fremur skal þar birta ársreikning sjóðsins. Reikninginn skal endurskoða með reikningum Sauðaneshrepps.

8. gr.

Leita skal staðfestingar ríkisvaldsins á skipulagsskrá þessari.

Ytra-Lóni, í apríl 1950.

Guðjón Kristjánsson.

Jón Jónasson.

Þórður Oddgeirsson.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Styrktarsjóð munaðarlausra 30 barna“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 17. marz 1954. 17. marz
Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Styrktarsjóð munaðarlausra barna.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Styrktarsjóður munaðarlausra barna.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður með kr. 2000.00, sem gefnar eru af börnum Ólafíu Ólafsdóttur frá Hlíðartúni, f. 29. sept. 1879, d. 24. ágúst 1953, til minningar um móður sína.

3. gr.

Til eflingar sjóðnum skulu gefin út minningarspjöld, er seld verði víðs vegar um landið. Enn fremur sé tekið á móti alls konar minningargjöfum, áheitum og öðrum gjöfum, er sjóðnum kann að berast.